

líf og list



Umsjón:
Magdalena
Schram

Jarðarför verðbólgunnar á haustsýningu FIM á sunnudagskvöld

A sunnudaginn verður framinn gjörningur að Kjarvalsstöðum. Gjörningurinn er í tengslum við sýningu FIM, sem nú stendur þar yfir og verður framinn af sex manns með höfundinn í fararbroddi, en hann er Örn Ingi myndlistarmaður frá Akureyri. Gjörningurinn nefnist „Jarðarför verðbólgunnar“ og tekur tæpan klukkutíma. Jarðarförin hefst kl. 21.

Haustsýning FIM er í Vestursal Kjarvalsstaða og á gangi hússins. Sýningarnefnd valdi 120 verk eftir 40 höfunda en alls bárust um 500 verk eftir 70 myndlistarmenn. A sýningunni eru myndir af öllu

tagi auk skulptúra og vefnaðar. Sú nýbreytni var tekin upp á þessari sýningu að fimm félög-FIM var boðið að mynda kjarna sýningarinnar og er tilgangurinn sá að gera hana veigameiri. Gestirnir eru Asgerði Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall. Hvert þeirra á a.m.k. fimm verk á sýningunni.


Styrktarfélagar

A sýningunni eru póstkort með myndum þessara gesta-listamanna til sölu og einnig kort sem gerð voru í tilefni sýningar Sigurjóns Ólafssonar í vor.

A síðustu haustsýningu bauð FIM áhugafólki um myndlist að gerast styrktarfélagar og fékk það boð góðar undirtektir. Gjald

fyrir styrktarfélag er nú kr. 30 þús. á ári. Þeir fá ókeypis aðgang að sýningum félagsins og 10% afslátt af myndum á haustsýningu. Þá er einnig dregið á hverri haustsýningu um myndverk í eigu félagsins sem fellur í hlut eins styrktarféлага.

Haustsýning FIM að Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 2-10 og henni lýkur 12. október.



Verk eftir Asgerði Búadóttur, einn gesta Haustsýningar FIM.



Frá sýningu FIM að Kjarvalsstöðum.

Punktur

Listasafn Einars Jónssonar.

Nú hefur verið breytt um opunartímann í Listasafni Einars Jónssonar og er safnið opið frá kl. 13.30-16 tvo daga vikunnar, sunnudaga og miðvikudaga í vetur.

Kom inn

heitir myndin, sem Fjalar-kötturinn er að sýna um þessa helgi. (laugardag kl. 13. og sunnudag kl. 18.50). Kvikmyndin heitir „The other side of the underneath“ gerð í Bretlandi árið 1972 og leikstjóri er Jane Arden. Myndin er sálfræðidrama „veröld óstöðugs einstaklings notuð sem grundvöllur afskræmdar heimsýnar“ — „um angst kvenkynsins í tilverunni, angst, sem nær út fyrir reynslu einstaklingsins“.

Aukamynd er Innileikir nálægt Newbury, stutt mynd byggð á samnefndu ljóði enska skaldsins John Betjeman, um ungan dreng sem hittir sína fyrstu ást í dálitið sérkennilegri jólaveislu. ATH. að sýningar Fjalar-kattarins eru nú í Regnbog-anum.

Lostalyst

Út er komið fyrsta hefti nýs erótíks rits, Lostafulli lystræninginn og er það forlag timaritins Lystræninginn sem út gefur.

Í kynningu útgefenda segir m.a.: „Það hefur löngum verið lítið um erótískt efni á íslenskum bókamarkaði, þegar líffæralýsingum klámíðnaðarins sleppir. Þessu riti er ætlað að birta það besta úr erótískum bókmenntum okkar tíma svo og sýnishorn úr sigildum erótískum ritum“.

Í fyrsta heftinu er frásaga eftir Gunnar Gunnarsson um fyrstu kynlífsreynsluna. Sömu reynslu lýsir bandaríski höfundurinn Henry Miller. Þá er gripið niður í erótíska kafla úr 1001 nótt og Anais Nin (kúbönsk spænsk, frönsk og dönsk en bjó í Frakklandi) á kafla úr smásagnasafninu Delta of Venus.

Lostafulli lystræninginn er í vasabókarbroti og 64 bls.

Tímaritið

Síðasta hefti Lystræningjans kom út í sumar. Meðal ennis er viðtal við Niels Henning, bassaleikara, saga eftir Þorstein Antonsson, leikþáttur eftir Leif Jöelsson, þýdd saga eftir Sillitoe og grein eftir Sigurgeir Þorgrímsson sem heitir Allegorian í kenningum Einars Pálssonar ofl. ofl. Þetta er 16. hefti Lystræningjans, en hann hefur nú komið út í 15 ár.

Þríhjól á Litla Hrauni

Um þessa helgi hjólar Alþýðuleikhúsið austur yfir fjall með leikrit Darios Fo, Þríhjól og sýnir það á Litla Hrauni í boði forráðamanna þar á laugardagskvöld. Og á sunnudaginn verður önnur sýning á Selfossi.

Palle Nielsen í Norræna húsinu

Í þessum mánuði sýnir danski graffiklistamaðurinn Palle Nielsen í anddyri Norræna hússins. Nielsen lærði hjá Kræsten Iversen og Aksel Jørgensen í Kaupmannahöfn. Hann hefur sýnt víða um heim, m.a. í Norður- og Suður-Ameríku og Japan. Hann er nú

talinn einn fremsti listamaður Dana á sínu sviði og er prófessor við Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Oft eru verk hans heilar myndraðir, eða bækur, t.d. hefur hann gert myndröð um Orfeus og Evrídís. Myndir hans eru sambland realisma og

súrrealisma og lýsa gjarnan nútímamanninum og umhverfi hans.

Sýning Palle Nielsen í Norræna húsinu er yfirlitssýning úr mikilvægustu myndröðum hans. Sýningin er opin frá 9-19 virka daga og 13-19 sunnudaga. Ms



Finnsku börnin syngja. Stjórnandi kórsins er Erkki Pohjola.

Finnskur barnakór

Hér á landi er nú staddur víðfrægur finnskur barnakór. Kórinn er frá Tapiola í Finnlandi og hefur þegar sungið í Hafnarfirði, á Akranesi og á Hvalsveili

við góðar undirtektir. Í kvöld gefst Reykvik-ingum kostur á að heyrja finnsku börnin syngja því þau munu koma fram í Norræna húsinu kl. 20.30.

Og á morgun, laugardag, verða lokatónleikarnir í Háteigskirkju kl. 17. Kórinn er hér staddur í boði Kórs Öldutúnnsskólans í Hafnarfirði.

Ms

Ms



rúna sýnir
leirmyndir
teikningar
galleri langbrók opíð 12-18
bernhöftstorfur • 26.9-17.10 '80

Rúna í Langbrók

Galleri Langbrók dafnar vel í Bernhöftstorfurinni og sjaldan sem þar eru ekki gestir að dást að myndum og munum Langbrókanna.

Nú hefur fremsta herbergi gallerisins fengið sína fyrstu einkasýningu — en það var einmitt fyrirhugað að nota það fyrir sersýningar. Og það er Rúna, Sigrún Guðjónsdóttir, sem ríður á vaðið með sýningu á leirmyndum og teikningum. Myndir Rúna eru unnar á þessu ári og eru margar n.k. tilbrigði við landslagshugmyndir. Sýningin stendur til 17. október og er opin frá kl. 12-6 en lokað á kvöldin og um helgar. Sami opunartími gildir fyrir allt Galleri Langbrók.

Ms